

- I. Til fjármálaráðherra um skiptingu tekna af launaskatti.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hver var hlutfallsskipting tekna af launaskatti á árinu 1969 eða 1970 milli eftirtalinna flokka gjaldenda:

1. Ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, þar með taldir ríkisbankar.
2. Bæjarfélaga og bæjarfyrirtækja.
3. Fyrirtækja og einstaklinga í einkaeign og félagseign?

- II. Til sjávarútvegsráðherra um afborganir og vexti af stofnlánnum fiskiskipaflotans.

Frá Geir Gunnarssyni, Jónasi Árnasyni og Steingrím Pálssyni.

Hve miklu er áætlað, að afborganir og vextir af stofnlánnum fiskiskipa nemi á árinu 1970:

- a) af togurum,
- b) af öðrum fiskiskipum?

- III. Til sjávarútvegsráðherra um greiðslur af aflaverðmæti til Stofnlánasjóðs fiskiskipa og til útgerðarfyrirtækja.

Frá Geir Gunnarssyni, Jónasi Árnasyni og Steingrím Pálssyni.

Hversu miklu er áætlað, að greiðslur af óskiptu aflaverðmæti samkv. lögum nr. 79 31. des. 1968 nemi á árinu 1970:

1. Í Stofnfjár sjóð fiskiskipa:
 - a) til togara,
 - b) til annarra fiskiskipa?
2. Til útgerðarfyrirtækja, sem hlutdeild í almennum útgerðarkostnaði?

- IV. Til heilbrigðismálaráðherra um setningu reglugerðar um skóla samkvæmt 15. gr. laga nr. 53 frá 22. apríl 1967, um fávitastofnanir.

Frá Ólafi Jóhannessyni.

Hvað líður setningu reglugerðar fyrir skóla gæzlusystra samkvæmt 15. gr. laga nr. 53 frá 22. apríl 1967, um fávitastofnanir?

- V. Til menntamálaráðherra um frumvarp til laga um náttúruvernd.

Frá Eysteini Jónssyni.

Hvenær kemur náttúruverndarfrumvarpið?

- VI. Til iðnaðarráðherra um raforkumál.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

1. Hver er hámarksorkuþörf á orkuveitusvæði Landsvirkjunar og hver er örugg orkuframleiðsla frá vatnsaflsstöðvum hennar?
2. Hversu mikil orka hefur verið framleidd í gasaflsstöðinni í Straumsvík og gufuafllsstöðinni við Elliðaár að undanfögnu og hversu mikill er kostnaðurinn af þeirri raforkuframleiðslu?
3. Hversu mikil brögð hafa verið að skömmtnun á raforku til Áburðarverksmiðjunnar og hver aukakostnaður hefur hlotizt af þeirri skömmtnun fyrir verksmiðjuna?